

Verkefnalisti vegna styrkja til meistaranema 2018

Hér á eftir eru talin upp stefnumörkunarbættir og verkefni sem Samband íslenskra sveitarfélaga leggur áherslu á við styrkveitingar til meistaranema árið 2018.

Umsóknnum skal skilað rafrænt til Sambands íslenskra sveitarfélaga á eyðublaði sem er að finna á samband.is. Í umsókn skal koma fram greinargóð lýsing á verkefninu, markmiðum þess og hvernig það styður við þá þætti í stefnumörkun sambandsins sem lögð er áhersla á.

Verkefni 1

Fjalla um mikilvægi sjálfstjórnar sveitarfélaga og hvort verið sé að skerða sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga með einhverjum ákvörðunum eða stefnumótun ríkisins eða lagasetningu.

Tengist lið 3.1.2 í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga

Verkefni 2

Úttekt á tilraunum héraðs og erlendis til að innleiða hverfalýðræði eftir sameiningar sveitarfélaga og meta möguleika.

Tengist lið 3.1.3 og 3.1.9 í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga

Verkefni 3

Innlendar og erlendar *best practice* aðferðir vegna samráðs við íbúa við skipulag þjónustu.

Tengist lið 3.1.9 í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga

Verkefni 4

Hvernig er hægt að auka samstarf sveitarfélaga um framþróun rafrænnar stjórnsýslu og hagnýtingu upplýsingatækni og hverju gæti það skilað?

Tengist lið 3.1.10 í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga

Verkefni 5

Úttekt á viðhorfum íbúa til rýmri heimilda til persónukjörs.

Tengist lið 3.1.12 í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga

Verkefni 6

Rannsókn á kjörsókn við sveitarstjórnarkosningar. Hvernig er hægt að auka kjörsókn? Hvernig er hægt að vekja áhuga fólks á kosningum?

Tengist lið 3.1.15 í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga

Verkefni 7

Úttekt á áhuga og forsendum sveitarfélaga til að taka þátt í evrópskum og norrænum samstarfsverkefnum og mat á leiðum til að auka þátttöku þeirra.

Tengist lið 3.1.19 í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga

Verkefni 8

Hvernig er fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga í öðrum norrænum ríkjum hagað á eftirfarandi sviðum:

- Kostnaðarmat á nýjum lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.
- Fjármögnun nýrra og breyttra verkefna sem hafa kostnaðarauka/lækkun kostnaðar í för með sér.
- Samningar um millifærslu fjármuna frá ríki til sveitarfélaga.

Tengist lið 3.2.1 og 3.2.2 í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga

Verkefni 9

Hvaða kostnað bera sveitarfélögin (A-hluti) af álagningu VSK? Hvaða reglur gilda um álagningu VSK í öðrum norrænum ríkjum og er rétt að breyta reglum um VSK þannig að hann verði ekki til útgjaldaauka fyrir sveitarfélögin?

Tengist lið 3.2.3 í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga

Verkefni 10

Hvaða aðferðir eru hentugar til að tryggja sveitarfélögum auknar tekjur vegna fjölgunar erlendra ferðamanna?

Tengist lið 3.2.22 í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga

Verkefni 11

Fjalla um stöðu símenntunaráætlana sveitarfélaga.

Tengist lið 3.2.33 í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga

Verkefni 12

Hvernig geta leikskólar og grunnskólar aukið samstarf með það að markmiði að efla læsi, í viðum skilningi?

Tengist lið 3.3.12 í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga

Verkefni 13

Hvernig samræmist inntak kennaranáms menntastefnu um skóla án aðgreiningar og þörfum skólustarfs, svo og markmiðum um kynjajafnrétti og fjölmenningslegt samfélag? Hvernig hefur lenging kennaranámsins haft áhrif á inntak námsins?

Tengist lið 3.3.15 í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga

Verkefni 14

Hver er reynslan af samstarfi Vinnumálastofnunar og sveitarfélaga til þess að sporna gegn langtímaatvinnuleysi?

Tengist lið 3.3.23 og 3.3. 24 í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga

Verkefni 15

Fjalla um þróun tækni og nýsköpunar í velferðarþjónustu sveitarfélaga.

Tengist lið 3.2.26 í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga

Verkefni 16

Afla upplýsinga um nýsköpunar- og þróunarverkefni sveitarfélaga í stjórnsýslu og þjónustu, meta árangur þeirra og hvernig væri hægt að auka nýsköpunar- og þróunarstarf innan sveitarfélaga.

Tengist lið 2.8 og 3.3.26 í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga

Verkefni 17

Þátttaka íbúa af erlendum uppruna í samfélaginu og sveitarfélögum og samskipti á milli þeirra og upprunalegra íbúa.

Tengist lið 3.3.29 í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga

Verkefni 18

Hvernig standa sveitarfélögin sig í því að bæta lýðheilsu? Hvaða aðgerðir eru það sem skila mestum árangri á því sviði? Greining á þátttöku sveitarfélaga í verkefnum landlæknisembættisins á sviði lýðheilsu og öðru forvarnastarfi og mat á nauðsynlegum forsendum fyrir virkari þátttöku sveitarfélaga í slíku starfi.

Tengist lið 3.3.42 í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga

Verkefni 19

Hvernig geta sveitarfélögin bætt sig í tengslum við sjálfbæra þróun eða ýtt undir hana?

Tengist lið 3.4.10 í stefnumörkun Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Verkefni 20

Hvernig geta sveitarfélög og fleiri aðilar dregið úr neikvæðum áhrifum af aukinni umferð ferðamanna?

Tengist lið 3.4.15 í stefnumörkun Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Verkefni 21

Hver er reynslan af samningum Vegagerðarinnar og landshlutasamtaka sveitarfélaga um framkvæmd almenningsgangna á landsbyggðinni?

Tengist lið 3.4.20 í stefnumörkun Sambands Íslenskra sveitarfélaga